



Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í fólkvangnum Spákonufellshöfða sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds.
2. Hundar skulu vera í taumi og í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim, sbr. samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Skagatrönd.
3. Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins.
4. Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum í Spákonufellshöfða á varptíma frá 20. apríl – 20. júlí nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanþegnar banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 80/2022 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.